

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 753/2013**

2015/EES/34/35

frá 2. ágúst 2013

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar
reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknar,
verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu
tiltekinna vínafurða (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾, einkum k- og m-lið fyrstu málsgreinar 121. gr. í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Króatía gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. júlí 2013.
- 2) Í gildandi löggjöf um vín í Króatíu eru engin ákvæði um verndaðar upprunatáknar, verndaðar, landfræðilegar merkingar eða merkingu vínafurða sem samsvara ákvæðunum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009⁽²⁾. Til þess að rekstraraðilar í Króatíu geti haldið áfram að selja vörur, sem eru framleiddar í samræmi við þau ákvæði, sem giltu í Króatíu fyrir aðild að Sambandinu, verður að gera þeim kleift að selja vínbirgðir sem eru framleiddar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir aðild.
- 3) Með tilliti til aðildarinnar að Evrópusambandinu 1. júlí 2013 hefur Króatía, í samræmi við 3. mgr. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009, óskað eftir að heiti vínþrúguyrkjanna „Alicante Bouschet“, „Burgundac crni“, „Burgundac sivi“, „Burgundac bijeli“, „Borgonja istarska“ og „Frankovka“, sem hefð er fyrir að nota við markaðssetningu á vínnum framleiddum í því landi og samanstanda af eða innihalda verndað upprunatákn eða verndaða, landfræðilega merkingu, megi nota áfram á vörumiða króatískra vína með vernduðu upprunatákni eða verndaðri, landfræðilegri merkingu. Að lokinni sannprófun fellst framkvæmdastjórnin á að heitið Króatía skuli skráð, ásamt degi aðildar, í A-hluta XV. viðauka við framangreinda reglugerð að því er varðar heiti þeirra vínþrúguyrkja sem beiðnin vísar til.
- 4) Króatía hefur einnig farið fram á að heiti og samheiti vínþrúguyrkjanna „Aglianico crni“, „Nebbiolo“,

„Primitivo“, „Rajnski rizling“, „Radgonska ranina“, „Sangiovese“, „Stajerska belina“, „Stajerka“ og „Vermentino“, sem að hluta til innihalda verndað upprunatákn eða verndaða, landfræðilega merkingu og vísa beint til landfræðilega þáttarins í viðkomandi vernduðu upprunatákni eða verndaðri, landfræðilegri merkingu, megi nota á vörumiða króatískrar framleiðsluvöru með vernduðu upprunatákni eða verndaðri, landfræðilegri merkingu. Að lokinni sannprófun fellst framkvæmdastjórnin á að heitið Króatía skuli skráð, ásamt degi aðildar, í B-hluta XV. viðauka við fyrnefnda reglugerð að því er varðar heiti þeirra vínþrúguyrkja sem beiðnin vísar til.

- 5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 73. gr.:

„4. Setja má vín, sem eru framleidd í Króatíu fyrir 30. júní 2013 og eru í samræmi við viðkomandi ákvæði, sem eru í gildi í Króatíu á þeim degi, á markað þar til birgðir eru uppnar. Heimilt er að merkja þessar framleiðsluvörur samkvæmt þeim ákvæðum sem eru í gildi í Króatíu 30. júní 2013.“

2. Ákvæðum XV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. júlí 2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 210, 6.8.2013, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

- a) Í línu 2 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
b) Á eftir línu 14 bætist við eftirfarandi lína 14a:

„14a	Bourgogne (FR)	Borgonja istarska	Króatía“
------	----------------	-------------------	----------

c) Á eftir línu 15 bætist við eftirfarandi lína 15a:

„15a	Bourgogne (FR)	Burgundac bijeli	Króatía“
------	----------------	------------------	----------

- d) Ákvæði línu 16 falli brott.
e) Í línu 17 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
f) Í línu 39 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.

2. Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) Á eftir línu 2 bætist við eftirfarandi lína 2a:

„2a	Aglianico del Taburno (IT)	Aglianico crni	Króatía“
-----	----------------------------	----------------	----------

- b) Í línu 33 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
c) Í línu 37 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
d) Í línu 39 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
e) Í línu 45 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
f) Í línu 51 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
g) Í línu 52 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.
h) Á eftir línu 52 bætist við eftirfarandi lína 52a:

„52a	Štajerska Slovenija (SV)	Štajerka	Króatía“
------	--------------------------	----------	----------

i) Í línu 58 bætist heitið „Króatía“ við í fjórða dálki.